

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um uppbyggingu félagslegs húsnæðis

Samstarfsflokkarnir Samfylkingin, Píratar, Sósíalistaflokkur Íslands, Flokkur fólksins og Vinstri græn leggja fram meðfylgjandi tillögu í fjórum liðum til að styrkja fjárhagslega sjálfbæra uppbyggingu Félagsbústaða og fjölga félagslegum leiguíbúðum í Reykjavíkurborg.

1. Eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar til fimm ára til fjölgunar íbúða:

Lagt er til að Reykjavíkurborg skuldbindi sig til að veita 513 milljónum í árlegt eiginfjárframlag næstu þrjú árin og 263 milljónum á ári næstu tvö ár þar á eftir. Auk þess er lagt til að veita 300 milljónum á árinu 2025 með viðauka. Lagt er til að borgarstjóra verði falið að útfæra nýtingu eiginfjárframlags með Félagsbústöðum

2. Nýtt uppbyggingarlíkan til að tryggja framboð hagkvæmra íbúða:

Lagt er til að fela borgarstjóra í samstarfi við stjórn Félagsbústaða að leita nýrra leiða til þess að hraða uppbyggingu félagslegs húsnæðis í borginni. Í því samhengi væri borgarstjóra meðal annars falið að kanna sérstaklega fýsileika þess að Reykjavíkurborg, Félagsbústaðir eða nýtt félag á þeirra vegum, kæmi með beinum hætti að uppbyggingarverkefnum sem leiða til fjölgunar félagslegra íbúða. Einnig er lagt til að farið verði í lagalega rýni á slíkri uppbyggingu og öðrum þeim leiðum sem borgarstjóri leggur til.

3. Uppbygging fjölbreyttara búsetuforms:

Lagt er til að fela borgarstjóra í samvinnu við velferðarsvið að greina þörf fyrir fjölbreyttara búsetuform fyrir ákveðna hópa, svo sem samfélagsbúsetu.

4. Þjónustuíbúðir á vegum Félagsbústaða:

Lagt er til að fela borgarstjóra í samvinnu við Félagsbústaði og velferðarsvið að móta aðgerðaáætlun til að mæta þörf fyrir þjónustuíbúðir og yfirfara núverandi húsnæði og skoða hvort það mæti nútíma þörfum.

Greinargerð

Félagsbústaðir hafa í dag takmarkað svigrúm til að fjárfesta í íbúðum. Fyrir utan kaupréttareignir þá skila eignir sem keyptar eru á almennum markaði neikvæðu sjóðstreymi frá fyrsta degi. Til að komast út úr þeirri stöðu – og jafnframt halda áfram að uppfylla markmið Reykjavíkurborgar um fjölgun félagslegra leiguíbúða án þess að hækka leiguverð – er nauðsynlegt að borgin komi að því að treysta fjárhagslega sjálfbærni félagsins með beinu eiginfjárframlagi. Það er mikilvægt að Félagsbústaðir hafi svigrúm til að kaupa íbúðir með þeim hætti að þær skili jákvæðu sjóðsstreymi.

Kaup á íbúðum á grundvelli kaupréttar samkvæmt samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar hafa reynst Félagsbústöðum afar hagkvæm leið til að fjölga íbúðum á lægra verði. Vandinn er hins vegar sá að framboðið er takmarkað og dugir ekki til að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er eftir félagslegu húsnæði í borginni. Með þeirri leið sem lagt er til að könnuð verði, gæti borgin tryggt Félagsbústöðum stöðugt framboð nýrra íbúða á hagkvæmu verði sem þá stuðlar að jákvæðu sjóðstreymi og sjálfbærni til lengri tíma. Sambærileg líkön hafa verið notuð með góðum árangri í borgum á borð við Vínarborg og Helsinki, þar sem slík samblönduð

uppbygging hefur tryggt fjölbreytni í búsetu og traustan rekstrargrundvöll félagslegra húsnæðisfélaga.

Samfélagsbúseta (e. co-living) hefur víða rutt sér til rúms þar sem t.d. hópur fólks með svipuð viðhorf, eða blandaður hópur, kýs að búa í húsnæði með sveigjanlegu sameiginlegu rými. Samfélagsbúseta getur því verið hagkvæmur búsetukostur og vel til þess fallinn að vinna gegn einmanaleika og einangrun.

Þjónustuíbúðir eru fyrir einstaklinga sem þurfa daglega eða vikulega aðstoð og þétt samstarf við velferðarþjónustu með sameiginlegum tengilið eða teymi á vettvangi. Mikilvægt er að léttu á biðlistum þegar kemur að þjónustuíbúðum og móta aðgerðaáætlun í þeim efnum.